

**Ed. 782. Frumvarp til laga [432. mál]**

um breyting á lögum nr. 12/1986, um Ríkisendurskoðun.

Flm.: Þorvaldur Garðar Kristjánsson, Karl Steinar Guðnason, Jóhann Einvarðsson.

1. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Ríkisendurskoðun getur krafist reikningsskila af stofnunum, samtökum, sjóðum og öðrum aðilum sem fá fé eða ábyrgðir frá ríkinu. Jafnframt er Ríkisendurskoðun heimilt að kalla eftir greinargerðum um ráðstöfun styrkja og annarra framlaga af ríkisfé. Þá er Ríkisendurskoðun heimill aðgangur að og skoðun á grundvallargögnum eða skýrslum sem færðar eru samhliða reikningsgerð á hendur ríkinu eða ríkisstofnunum fyrir vinnu eða þjónustu, sem greiðsluskyld er að öllu leyti eða að verulegum hluta úr ríkissjóði á grundvelli laga, verksamninga eða gjaldskrársamninga við einstaklinga, félög eða stofnanir, til að sannreyna efni innsendra reikninga og greiðsluskyldu ríkissjóðs.

Ríkisendurskoðun getur rannsakað reikningsskil sveitarfélaga sem varða sameiginlega starfsemi ríkisins og sveitarfélaga. Enn fremur getur hún rannsakað reikningsskil þeirra stofnana og félaga sem ríkissjóður á hlut í.

Nú verður ágreiningur um skoðunarheimild Ríkisendurskoðunar samkvæmt þessari grein og getur ríkisendurskoðandi þá leitað um hann úrskurðar sakadóms.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Ríkisendurskoðandi hefur tjáð forsetum Alþingis að nauðsyn beri til að gera breytingu á lögum nr. 12/1986, um Ríkisendurskoðun. Hafa forsetar fallist á þetta og standa þeir allir að flutningi þessa frumvarps.

Það er grundvallarregla samkvæmt lögnum um Ríkisendurskoðun að öll meðferð ríkisfjár skuli sæta endurskoðun. Í lögnum er því tekið fram hvaða aðilar skuli lúta endurskoðun og Ríkisendurskoðun veittar tilteknar heimildir til endurskoðunar.

Gert var ráð fyrir að þessi ákvæði laganna væru tæmandi þannig að Ríkisendurskoðunin gæti gegnt sínu mikilvæga hlutverki. Og með því að löggin ákveða að Ríkisendurskoðunin

skuli vera á vegum Alþingis átti þannig að tryggja eftirlit löggjafarvaldsins með því hvernig framkvæmdarvaldið nýtir fjárlagaheimildir Alþingis og hvort farið hafi verið út fyrir löglegar heimildir. Þannig átti að vera búið um hnútana til þess að Alþingi gæti betur haldið á fjárveitingavaldi sínu.

En nú hefur komið í ljós að skoðunarheimildir Ríkisendurskoðunar eru ekki eins óyggjandi og ætla mætti. Kom þetta fram við niðurstöðu innsetningarmáls sem Ríkisendurskoðun taldi sig knúna til að hefja. Snerist það mál um skoðunarheimild gagnvart aðila sem hefur með höndum fyrir eigin reikning verk- og þjónustustarfsemi fyrir ríkið eða ríkisstofnanir. Slík skoðunarheimild hafði ekki verið vefengd fyrr og gengur raunar ekki lengra en áður hafði verið í framkvæmd hjá Ríkisendurskoðun.

Til þess að skoðunarheimild Ríkisendurskoðunar megi vera ótvíræð eins og ætlað var þegar lög nr. 12/1986 voru sett er lagt til með frumvarpi þessu að lögfest verði almennt ákvæði um þá skoðunarheimild sem vefengd var í innsetningarmálinu.

Þá er lagt til í frumvarpi þessu að heimila ákveðna leið, ef ágreiningur kemur upp um heimildir Ríkisendurskoðunar til að skoða gögn eða fá gögn afhent. Hliðstætt ákvæði er að finna í lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Í þessa grein er bætt við tveimur ákvæðum sem ekki er nú að finna í lögum nr. 12/1986. Annars vegar er ákvæði um að Ríkisendurskoðun sé heimill aðgangur að grundvallar-gögnum sem varða reikningsgerð á hendur ríkinu eða ríkisstofnunum. Hins vegar er ákvæði um að ríkisendurskoðandi geti leitað úrskurðar sakadóms, ef ágreiningur verður um skoðunarheimild Ríkisendurskoðunar.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.